

34. fundur skólanefndar haldinn í fjarfundi (Teams), mánudaginn 29. janúar 2024, kl. 15:30.

Fundinn sátu:

Áslaug Alda Þórarinsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Sólmundur Magnús Sigurðarson boðaði forföll en í hans stað sat Guðrún S. Magnúsdóttir fundinn, Harpa Sævarsdóttir, Hildur Hálfðanardóttir, Lieselot Simoen, leikskólastjóri Álfaborg, Lára Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti, Íris Anna Steinarrsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Guðbjörg Þóra Jónsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara, Borghildur Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla, María Carmen Magnúsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólakennara, Ragnheiður Bjarnadóttir, fulltrúi foreldra leikskólakennara og Ásta Stefánsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Notkun Google Workspace for Education í grunnskólastarfi - 2401053

Bréf Persónuverndar, dags. 11.01.2024, varðandi notkun Google Workspace for Education í grunnskólastarfi.

Bréf Persónuverndar var lagt fram. Þar er því beint til sveitarfélaga sem nota Google nemendakerfið í grunnskólastarfi að meta hvort þörf sé að gera viðeigandi úrbætur á vinnslu persónuupplýsinga í kerfinu, til samræmis við niðurstöður Persónuverndar um vinnslu persónuupplýsinga eftir úttekt á notkun nokkurra sveitarfélaga á nemendakerfi Google. Skólastjórnendur og persónuverndarfulltrúi fylgist með þróun mála.

2. Náttúruhamfarir á Reykjanesi - 2311017

Staða mála hvað varðar fjölda nemenda úr Grindavík í leik- og grunnskólum í Bláskógabyggð.

Skólastjórar fóru yfir stöðu mála, nú eru tveir nemendur úr Grindavík í grunnskóla en engir nemendur í leikskóla.

3. Framkvæmd rannsóknar tengt tónlist í leikskólum - 2401056

Erindi nema í leikskólakennarafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, dags. 23.01.2024, þar sem óskað er eftir samþykki fræðslunefndar fyrir framkvæmd rannsóknar á því hvernig kennarar og leikskólastarismenn á Íslandi skynja áhuga sinn á tónlist og að starfsmönnum verði gert kleift að geta tekið þátt í rannsókninni á vinnutíma.

Skólanefnd samþykkir fyrir sitt leyti að rannsóknin verði framkvæmd og að starfsmenn geti tekið þátt í henni á vinnutíma.

4. Viðbrögð við líkamlegu inngrípi í leikskólastarfi - 2401058

Verklagsreglur og skráningarblað vegna líkamlegs inngríps í leikskólastarfi

Lieselot Simoen, leikskólustjóri leikskólans Álfaborgar, fór yfir verklagsreglurnar. Reglurnar ásamt skráningarblaði hafa verið kynntar starfsmönnum og farið er yfir atvik sem upp koma með foreldrum og skráningin kynnt.

5. Öryggi barna í bíl - 2401057

Erindi Samgöngustofu, dags. 23.01.2024, þar sem bent er á fræðslumyndbönd og bæklinga sem eru til á nokkrum tungumálum og fjalla um öryggi barna í bíl.

Erindið var lagt fram til kynningar og skólustjórnendur hvattir til að koma efninu á framfæri við foreldra.

6. Endurmenntunarsjóður grunnskóla 2024 - 2401055

Tilkynning Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 25.01.2024, um að opnað hafi verið fyrir umsóknir um styrki vegna endurmenntunarverkefna.

Erindið var lagt fram til kynningar.

7. Námsleyfasjóður vegna skólaársins 2024-2025 - 2401059

Tilkynning Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13.12.2023, um úthlutun námsleyfa vegna skólaársins 2024-2025.

Erindið var lagt fram til kynningar.

Fundargerðin var send fundarmönnum með tölvupósti og staðfestu þeir hana með tölvupósti til sveitarstjóra.

Fundi slitið kl. 15:55.

Áslaug Alda Þórarinsdóttir

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

Sólmundur Magnús Sigurðarson

Harpa Sævarsdóttir

Hildur Hálfðanardóttir

Lieselot Simoen

Lára Bergljót Jónsdóttir

Íris Anna Steinarrsdóttir

Guðbjörg Þóra Jónsdóttir

Borghildur Guðmundsdóttir

Ragnheiður Bjarnadóttir

María Carmen Magnúsdóttir

Ásta Stefánsdóttir